

Stjórn Úr Vör ehf, útgefanda ÚR VÖR, hefur sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna ÚR VÖR, eins og kveðið er á um í gr. 24 í lögum nr. 38 frá 2011 um fjölmiðla. Álit Úr Vör ehf. er að ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna sé afar mikilvægt er kemur að faglegri blaðamennsku.

### 1. Eigendur og sérhagsmunir

Ritstjórnarlegt sjálfstæði felst í frelsi ritstjóra til að taka ákvarðanir án afskipta frá eigendum eða stjórnendum ÚR VÖR enda er ritstjóri ráðinn til að framfylgja grundvallarsjónarmiðum og markmiðum eigenda og stjórnenda fyrirtækis. Allar reglur um samskipti forsvarsmanna ÚR VÖR og ritstjóra ættu að vera tiltækar starfsmönnum.

Það er stefna ÚR VÖR að í umboði ritstjóra hafi starfsmenn í ritstjórn fullt ritstjórnarlegt sjálfstæði. Í því felst að þeir þurfa ekki að taka tillit til skoðana eða hagsmuna eigenda eða viðskiptamanna miðilsins, ef siðareglur BÍ, samviska þeirra og sannfæring segir þeim að ekki sé rétt að gera slíkt. Blaðamanni verður ekki gert að vinna verkefni sem stangast á við sannfæringu hans eða samvisku eða teljast niðurlægjandi. Blaðamaður tekur ekki við verkefnum frá öðrum en yfirmönnum á ritstjórn.

Blaðamenn eiga rétt á að vera upplýstir um ef það verður umræða um skrif þeirra meðal eigenda eða stjórnenda ÚR VÖR. Eigendum og stjórnarmönnum ÚR VÖR er óheimilt að hafa afskipti af einstökum greinaskrifum eða ræða þau beint við viðkomandi blaðamenn, heldur skulu mál af því tagi ávallt tekin upp við ritstjóra ÚR VÖR.

### 2. Ritstjórnarstefna

Ritstjórnarlegt sjálfstæði tekur mið af og takmarkast af ritstjórnarstefnu blaðsins, og séu verkefni þau sem blaðamanni er falið að vinna sannanlega innan ramma skilgreindrar og yfirlýstrar ritstjórnarstefnu ber honum að sinna þeim og ekki vinna gegn þeim. Ritstjóri og ritstjórn eru ábyrg fyrir túlkun og framkvæmd ritstjórnarstefnu og þeirra túlkun á stefnunni og forgangsroðun verkefna er það sem gildir í daglegu starfi.

### 3. Starfsskilyrði ritstjórnar

Blaðamönnum ber að fá aðstöðu og tíma til að setja sig inn í mál og að þeir séu ekki sendir á vettvang án þess að hafa verið upplýstir um aðstæður og gefinn kostur á að setja sig inn í mál fyrirfram. Þeir skulu alla jafna fá tækifæri til að vinna mál á þann hátt sem þeir telja réttast og nota þau efnistöð sem þeir telja best án sérstakrar leiðsagnar yfirmanns nema þess sé óskað.

Blaðamenn ÚR VÖR hafa fullan tillögurétt þegar kemur að því að velja sér efni og úrvinnslu þess. Sé frétt eða nálgun blaðamanns í þessu tilteknu máli breytt í veigamiklum atriðum á viðkomandi blaðamaður rétt á skýringu yfirmanns á breytingum.

### 4. Skilyrði uppsagnar

Ekki er hægt að segja upp starfsmanni án skriflegrar skýringar. Gildir það undatekningarlaust hver svo sem ástæða uppsagnar er og eru slíkar skýringar ekki einkamál blaðamanns og útgefanda nema blaðamaður óski þess sérstaklega.

Patreksfjörður, 28. mars 2019



Aron Ingi Guðmundsson, framkvæmdastjóri Úr Vör ehf.